



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 116. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 7. apríl 2014 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Bjarni Pálsson formaður, Claus Ballzus, Gústaf Adolf Skúlason, Hildigunnur Thorsteinsson, Kristín Vala Matthíasdóttir og Magnús Þór Jónsson. Boðuð forföll: Magnús Ólafsson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

2. Aðalfundur og vorfundur 30. apríl

Áfram rætt um dagskrár og undirbúning aðal- og vorfundar.

3. Reikningar félagsins og fjárhagsáætlun

Claus lagði fram drög að ársreikningi fyrir árið 2013 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Eigið fé félagsins í árslok voru kr. 2.889.252 en rekstrartap varð á árinu sem nam kr. 207.545, sem skýrist m.a. af því að tveir námsmannastyrkir voru greiddir á árinu, einnig vegna ársins 2012. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir rekstrarafgangi árið 2014 sem nemur kr. 722.000, sem skýrist ekki síst af því að ráðgert er að innheimta árgjöld tveggja ára, 2013 og 2014, á árinu 2014. Reikningurinn og áætlunardrögin voru samþykkt af stjórn félagsins, með fyrirvara um hugsanlegar athugasemdir félagskjörinna endurskoðenda.

4. Önnur mál

Rætt var um umsókn Iceland Geothermal (f.h. Íslands) um að halda WGC 2020 hér á landi, en Bjarni tók þátt í að kynna hana á stjórnarfundum IGA í Manila í mars. Sjö ríki hafa sóst eftir að halda ráðstefnuna og væntanlega ræðst fyrir lok maí hvert þeirra verður fyrir valinu. Ennfremur var rætt um rammaáætlun og um brennisteinsvetni.

Fundi slitið kl. 16:00.

Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari
